



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur
21. maí 2024

- T I L L A G A -

Ný stefna stúdentaráðs um rekstur Hámu

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) leggst alfarið gegn því að Hámu í Eirbergi sé lokað. Fulltrúar SHÍ í stjórn Félagsstofnunar stúdentana (FS) skulu beita meirihlutastöðu sinni til að stöðva þau áform. Fulltrúar SHÍ í stjórn FS skulu beita sér fyrir því að leitað sé allra leiða til að hagræða rekstri samtímis og staðið sé vörð um útsölustaði Hámu. Til þess að styðja betur við rekstur Hámu og stuðla að ódýrari þjónustu við stúdentana í HÍ fellur Stúdentaráð frá íþyngjandi rekstrarkröfum á Hámu og leggur það í hendur FS að leita allra leiða til að hagræða rekstri með það að markmiði að loka ekki fleiri útsölustöðum og koma rekstri Hámu í eðlilegt horf.

FS skal skoða breytt úrval heitra rétta í hádegi og kaldra rétta í smásölu, útvistun verkefna líkt og eldhúss og/eða samlokugerðar, gerð samnings við drykkjaframleiðanda til að tryggja lægri verð á drykkjum, upptöku á sjálfsafgreiðslukössum, breytt vöruúrval í smásölu, breytt greiðslumiðlunarkerfi o.fl. valkosti sem gætu verið til þess fallnir að hagræða rekstri Hámu.

Ódýrar vöru þar sem stúdentar sækja nám sitt skal ávallt vera meginmarkmið rekstursins og öll önnur markmið verða að lúta í lægra haldi fyrir því.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Eins og öllum er kunnugt hefur rekstur Hámu gengið illa undanfarin ár. Niðurstaðan er sú að nokkrir útsölustaðir hafa lokað, frekari lokanir vofa yfir og vöruverð er töluvert hærra en stúdentar eiga að þurfa að búa við. Þegar staðan er svo slæm þarf einfaldlega að stíga fast til jarðar og grípa í taumana. Háma verður að geta þjónað því megin markmiði að bjóða stúdentum upp á ódýrar vörur þar sem þeir sækja nám sitt.

Stúdentaráð verður að veita FS fullt umboð til þess að hagræða rekstri Hámu með þetta meginmarkmið í fyrirrúmi. Önnur markmið verða að lúta í lægra haldi, í það minnsta þar til að rekstrinum hefur verið snúið við. Fulltrúar SHÍ í stjórn FS, sem mynda meirihluta stjórnar, skulu vinna eftir þessari breyttu stefnu stúdentaráðs.

Júlíus Viggó Ólafsson, stúdentaráðsliði, lánasjóðsfulltrúi og oddviti Vöku